

HENRI
HITTIRÍMARK

ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON

HENRÍ

HiTTIR Í MARK



MÁL OG MENNING

Henri hittir í mark

© Þorgrímur Þráinsson 2017

Mál og menning

Reykjavík 2017

Öll réttindi áskilin.

Kápa: Sigmundur Breiðfjörð

Ljósmynd af höfundi: Gassi

Umbrot: Ingibjörg Sigurðardóttir

Letur í meginmáli: Bembo 12/16,3 pt.

Prentun: Bookwell, Finnlandi

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-3-3884-0

Mál og menning er hluti af  Forlaginu ehf.

www.forlagid.is

I. kafli

Henri skreið nánast örmagna upp í fjöruna og hóstaði kröftuglega. Hann lagðist í ylvolgan sandinn og teygði út handleggina eins og hann væri krossfestur. Lokaði augunum. Æðarnar voru að springa og blóðið þaut í stríðum straumi. Allt í kringum Henri flatmagaði fólk; ljóst, brúnt eða brunnið, vegna þess að kvöldsólin hékk ennþá rétt fyrir ofan húspökin. Dagurinn hafði verið dásamlegur, næstum þrjátíu stiga hiti og flestir vildu njóta síðustu sól-argeislanna.

Henri hafði synt of langt út á vatnið og fengið krampa í vinstri fótinn en vildi ekki að öskra á hjálp. Þegar hann fékk líka krampa í hægri fótinn óttaðist hann að sökkva. Hann sneri sér þá á bakið, fyllti lungun af lofti og flaut eins og spýta. Síðan notaði hann handleggina til að mjaka

sér að ströndinni en þegar hann nálgæðist var orkan búin og hjartað á fullu.

Fjaran var funheit og sandkornin límdu við blautan líkamann. Tungan lafði út og þúsund svört sandkorn festust við blautar varirnar. Henri var alveg sama þótt hann fengi sand upp í sig. Hann var fyrst og fremst þakklátur fyrir að vera á lífi. Enginn veitti honum sérstaka athygli, enginn bauðst til að hjálpa honum á fætur, enginn spurði hvort hann væri svangur eða hvort hann ætti heima langt í burtu. Strandvörðurinn starði á skærblikkandi síma og safnaði stigum með því að skjóta niður fljúgandi hákarla.

Allt í einu hægðist á hjartslætti Henris og það var eins og ótal ylvolg teppi væru lögð ofan á hann. Honum fannst hans sökkva sífellt dýpra og hann langaði að sofna. Ylurinn var notalegur og þótt skvaldur og tónlist og öskrandi börn væru á fleygiferð allt í kring fannst honum sandurinn besti staður í heimi. Kannski þurfti hann aldrei aftur að bröлта á fætur, aldrei að fara aftur í skólann, aldrei að líða illa af því hann saknaði mömmu sinnar, aldrei aftur að verða lofthræddur.

Það voru reyndar ekki allir fastir í eigin hugarheimi því einn krakki hafði fylgst með Henri og verið tilbúinn að stökkva út í ef sundkappinn hefði sokkið. Það var Gautier, æskuvinur hans, sem var núna fósturbróðir hans af því að þau móðir hans tóku Henri að sér fyrir ári, sama dag og íslenska landsliðið í knattspyrnu hélt frá Frakklandi eftir frækna frammistöðu á Evrópumótinu.

Gautier gekk vasklega að Henri, stillti sér upp við hlið hans og spurði glettnislega:

„Ertu nokkuð dauður? Það kom nefnilega bréf til þín áðan.“

„Ha?“ umlaði Henri og ætlaði að líta upp en höfuðið haggaðist ekki.

„Pósturinn kom með bréf til þín.“

„Til mín?“ umlaði hann aftur og reyndi að losna við sandkornin úr munninum, „hvernig bréf, af hverju ég ... hvernig?“

„Það er frá Íslandi.“

„Ha,“ sagði hann og öðlaðist skyndilega aukinn kraft. „Frá Íslandi? Í alvöru, bréf frá Íslandi?“ Hann spýtti nokkrum sinnum en hálf andlitið var ennþá þakið sandkornum.

„Hérna,“ sagði Gautier glaður og beygði sig svo að bróðir hans þyrfti ekki að teygja sig of langt upp.

„Ég hef aldrei áður fengið bréf,“ sagði Henri og leit á Gautier með öðru auganu, „má ég sjá?“

Hann reisti sig upp á hnén, strauk nokkrum sinnum yfir andlitið og í gegnum blautt hárið, spýtti enn og aftur. Stundi síðan eins og hann væri að koma sér aftur í gang. „En skemmtilegt.“

„Opnaðu það, fljótur.“

Henri renndi þrisvar yfir nafnið sitt áður en hann reif upp bréfið. Hann rétti Gautier tómum umslagið, rýndi lengi í bréfið og las í hljóði.

„Lestu upphátt, Henri, hvað er að þér? Ég er bróðir þinn. Lestu upphátt.“

„Bíddu aðeins,“ svaraði hann og höfuðið elti línurnar, hverja á fætur annarri, frá vinstri til hægri. Síðan færðist

bros yfir andlitið og augun stækkuðu til muna. Hann strauk yfir kinnarnar, nefið, hökuna og munninn til að losna við sandkornin.

„Þeir ætla að bjóða mér til Íslands, Gautier. Strákarnir ætla að bjóða mér til Íslands. Ertu ekki að grínast í mér? Trúirðu þessu?“

„Hvaða strákar?“

„Nú landsliðið, allir í landsliðinu. Vinir mínir, Raggi og Kári og Birkir og Aron og allir hinir.“

„Lestu, Henri, lestu.“

Bréfið var á ensku en það tungumál flæktist ekki fyrir Henri því móðir hans hafði verið frá Englandi. Gautier var líka frábær í ensku eins og öðru sem hann tók sér fyrir hendur. „Henri, lestu, ég er að springa úr spenningi.“

Henri strauk vísifingri yfir sandkorn sem hékk enn á nefinu, ræksti sig og las síðan upphátt:

Kæri Henri, þú franski, krúttlegi sundkappi og krakkaormur.

Vonandi ertu ennþá sprellumfandi og sprækur. Við söknum þín af því þú ert flottur, fyndinn og hugrakkur. Alveg eins og við. Og þar sem þú ert einn af okkur langar okkur að bjóða þér til Íslands á landsleikinn gegn Úkraínu þann 5. september. Ef þú færð leyfi til að koma og hefur tíma skaltu senda okkur svar og við græjum fyrir þig flugmiða og hótalgistingu og kannski eitthvað fleira. En ef þú vilt frekar synda til Íslands þá er best að þú komir á leik eftir tvö ár. Við getum sent þér sundskýlu, blöðkur, sundhettu og vatnshelt sjónvarp svo þér leiðist ekki á leiðinni.

Okkur finnst þú skemmtilegur og við erum í góðu skapi, eins og ævinlega. Þú segist sjálfur vera lukkutrollið okkar og við

þurfum á fullt af stigum að halda næsta haust til að komast í lokakeppni heimsmeistaramótsins sem verður í Rússlandi 2018.

Ef nýja mamma þín gefur þér leyfi og skólinn gefur þér frí, sem hann gerir pottþétt ekki, ha, ha ha, læturðu okkur vita með því að senda svar á Sigga Dúllu, þú manst, brosmilda og mjúka bún-ingastjórann okkar. Hann sækir þig á flugvöllinn og keyrir þig á hótél rétt hjá fótoltavellinum. Þú getur líka fengið að gista hjá fólki sem við þekkjum ef þú vilt það frekar.

Hafðu það gott, þú ellefu, tólf, fjórtán eða fimmtán ára gaur, eða hvað sem þú ert gamall. Lars Lagerbäck, gamli þjálfarinn okkar, hélt að þú væri bara níu ára. En við höldum að þú sért þrettán eða að verða þrettán. Er það rétt?

Ef þig langar að heimsækja Ísland máttu skrifa okkur bréf á neðangreint heimilisfang. En ef þú vilt ekki koma skaltu bara fara ... fara ... vel með þig alla ævi. Bestu kveðjur frá okkur öllum.

*A-landslið karla, b.t. Sigga Dúllu
KSÍ, Laugardalsvelli
104 Reykjavík, Islande*

„Eru þeir brjálaðir?“ sagði Henri vonsvikinn og glaður í senn. „Það er 15. ágúst og leikurinn er 5. september. Af hverju senda þeir ... hvers vegna ... og skólinn byrjar á morgun.“

„Alveg rólegur, mamma reddar fríi fyrir okkur,“ sagði Gautier og brosti, „hún þekkir skólastj...“

„Okkur?“ greip Henri fram í fyrir honum og leit á bróður sinn eins og hann hefði ekki skilið innihald bréfsins.

„Já, voru þeir ekki að bjóða okkur til Íslands?“

„Nei, bara mér.“

„Ég hlýt að mega fara með,“ sagði Gautier stríðnislega.

„Ég er bróðir þinn og ...“

„Þeir borga allt fyrir mig og ... og ég á enga peninga og ...“

„Ég var að grínast, Henri, alveg rólegur. Ég læri fyrir okkur báða á meðan.“

„Takk,“ stundi Henri og brölti á fætur. „Þú ert besti bróðir sem ég hef átt, ég get svarið það.“

„Ég er líka sá eini,“ sagði Gautier og þóttist móðgaður.

„Einmitt þess vegna,“ sagði Henri brosandi.